

1 Allsherjar og

2 menntamálanefnd

3 Menntamál, vísindi, tækni og nýsköpun

4 Menntun er grundvöllur hagsældar, velferðar og framfara. og Sjálfstæðisflokkurinn vill
5 tryggja jafnan aðgang að fjölbreyttri menntun. Íslenskt menntakerfi glímir við stórar
6 áskoranir, m.a. námsárangur, stöðu íslenskunnar og líðan nemenda. Nýta skal kosti
7 einstaklingsframtaksins á öllum skólastigum samhliða opinberum rekstri og fjármagn
8 fylgi nemendum óháð rekstrarformi skóla.

9 Fyrstu árin

10 Brúa þarf umönnunarbíl milli fæðingarorlofs og leikskóla með því að tryggja öllum
11 börnum leikskólaláss, eða annað önnur úrræði, um leið og fæðingarorlofi lýkur, s.s.
12 heimgreiðslur. Auka þarf sveigjanleika foreldra til töku fæðingarorlofs þannig að
13 foreldrar hafi frelsi til að ráðstafa því sín á milli.

14 Leik-, grunn- og framhaldsskólar

15 Snúa þarf við þeirri óheillaþróun að íslenskt skólakerfi fái hvað eftir annað falleinkunn í
16 alþjóðlegum úttektum. Þarna reynir á að nota bestu og gagnreyndustu aðferðir í öllu
17 skólasterfi, tryggja öflugt gæðastarf og markvisst eftirlit með framkvæmd þess. Efla þarf
18 samstarf aðila skólasamfélagsins og heimila. Innleiða þarf nýja metnaðarfulla
19 aðalnámskrá sem er skýr og hnitmiðuð með vel skilgreindum þekkingarviðmiðum. Auka
20 þarf samræmt námsmat upp allan grunnskólann að nýju, sér í lagi í lok 10. bekkjar, til að
21 tryggja yfirsýn og sjá sem fyrst hvar skóinn kreppir hverju sinni.

22 Minnkandi áhugi, þátttaka og árangur barna, sérstaklega drengja, í námi á Íslandi er
23 áhyggjuefni. Bregðast þarf við með stórauðni framboði gagnvirks námsefnis og
24 kennsluleiðbeininga sem eflir áhuga, virkni og málþroska snemma. Auka þarf hreyfingu
25 nemenda yfir skóladaginn, stuðla að meiri aga í skólastofunni og mæla betur færni sem
26 fylgt er eftir með persónumiðuðum stuðningi.

27 Bæta þarf aðlögun og stuðning við nemendur með erlent móðurmál til að jafna tækifæri
28 þeirra í námi. Tryggja þarf stuðning fyrir börn af erlendum uppruna. Koma þarf á fót
29 móttökuskólum eða –deildum fyrir börn af erlendum uppruna með mikilli áherslu á
30 íslenskukennslu. Þau sem koma til með að búa áfram í landinu aðlagast þannig betur og
31 eru um leið betur í stakk búin til að takast á við frekara nám. Taka ætti upp samræmt
32 hæfnismat svo hægara verði að ákveða næstu skref hvers og eins í áframhaldandi námi.
33 Einnig þarf að skoða í heild sinni reynslu af skóla án aðgreiningar og meta hvort gera
34 þurfi breytingar. Ganga þarf mun lengra í að auka persónumiðað nám á öllum
35 skólastigum, efla samstarf við atvinnulífið og tryggja nýsköpun upp alla skólagöngu
36 nemenda.

37 Búa þarf til námsleiðir í unglingadeildum grunnskóla til undirbúnings starfsnáms.
38 Tryggja þarf sveigjanlegt nám með áherslu á gæði og samfellu milli skólastiga. Námið
39 skal taka mið af fjölbreyttum þörfum nemenda og gera þeim kleift að þroskast á eigin
40 hraða. Horft verði til skipulags skóladagatals viðmiðunarlanda til að tryggja að íslenskir
41 nemendur njóti sambærilegra tækifæra í áframhaldandi námi og á vinnumarkaði.
42 Sérstaklega skal efla iðn- og starfsnám innan framhaldsskóla með fjölbreyttum leiðum
43 sem tengjast atvinnulífinu og svara þörfum samfélagsins.

44 Efla þarf kennarastarfið með aukinni fjölbreytni í kennaranámi, m.a. í samstarfi við
45 sjálfstætt starfandi háskóla. Skólastjórnendum skal gefið aukið svigrúm til að semja við
46 kennara á einstaklingsgrundvelli.

47 **Háskólar**

48 Íslenskir háskólar verði áfram eflir með árangurstengdu fjármögnunarlíkani, að fé fylgi
49 nemanda óháð því hvaða skóla á háskólastigi hann sækir og stuðlað verði að auknu
50 samstarfi og sameiningum háskóla. Námsframboð háskólanna verði bætt og alþjóðlegt
51 samstarf aukið enn frekar. Mikilvægt er að íslenskir stúdentar hafi greitt aðgengi að
52 menntun erlendis sem tryggir m.a. samkeppnishæfni landsins.

53 Halda þarf áfram vinnu við endurskoðun á Menntasjóði námsmanna með það að
54 markmiði að bæta hag námsmanna.

55 Efla þarf samstarf menntakerfisins við atvinnulífið, einkum á mið og efri stigum
56 skólakerfisins, m.a. til að nám og námsframboð gagnist sem best. Endur- og símenntun
57 er sífellt mikilvægari samfara hraðfleygri þjóðfélagsþróun. Stjórnvöld þurfa að styðja við

58 aukna þátttöku atvinnulífsins á þessu sviði í samstarfi við háskólana, hvort sem um er að
59 ræða þá ríkis- eða einkareknu.

60 Fjarnám hefur aukist mikið og er það af hinu góða. Sumar greinar verða þó ekki kenndar
61 nema í staðnámi og ekki má vanmeta mikilvægi þverfaglegra samskipta stúdenta,
62 tengslamyndunar og jákvæðra þroskaáhrifa skólasamfélagsins. Mikilvægt er að
63 samþætta kosti fjar- og staðnáms í áframhaldandi uppbyggingu skólastiga.

64 Huga þarf að hagnýtingu gervigreindar á öllum skólastigum.

65 **Efling vísinda, nýsköpunar og fjárfestingar í innviðum fjórðu iðnbyltingarinnar**

66 Efla ber vísindarannsóknir á Íslandi innan háskólanna og hjá atvinnulífinu, hvetja til
67 nýsköpunar og ýta undir þróun í þá átt, m.a. með öflugum og virkum samkeppnissjóðum.
68 Treysta þannig stoðir fjórðu iðnbyltingarinnar og auka fjárfestingar á því sviði.

69 Hraða þarf innviðaupbyggingu þekkingarsamfélagsins og leysa úr læðingi
70 vaxtamöguleika nýrra starfsgreina sem um leið auka arðsemi núverandi undirstöðu
71 atvinnugreina. Hlutverk ríkisins er að styðja við þessa þróun með uppbyggingu innviða
72 og fjármögnun samkeppnissjóða en starfið sjálft fari sem mest fram á einkamarkaði.

73 **Löggæsla, dómstólar, fangelsismál, landhelgisgæsla og almannavarnir**

74 Standa ber vörð um allt umhverfi löggæslunnar í landinu og efla hana eftir þörfum
75 hverju sinni; starfskjör bætt og þannig verði m.a. tryggður nægur, vel menntaður og
76 hæfur mannauður. Lagaheimildir verði aðlagðar þeim veruleika sem við búum við. Hér
77 er átt við þætti eins og vopnaburð lögregluþjóna og heimildir löggæslunnar til að sinna
78 störfum sínum, s.s. með nauðsynlegum rannsóknarheimildum t.d. til að varna
79 hryðjuverkum og skipulagðri brotastarfsemi. Samhliða auknum heimildum lögreglunnar
80 til aðgerða verði eftirlit með störfum hennar tryggt. Hámarka þarf nýtingu rekstrarfjár í
81 málaflokknum og tryggja samræmda framkvæmd löggæslu í landinu t.a.m. með
82 sameiningu embætta lögreglustjóra.

83 Mikið hefur áunnist með nýju og bættu skipulagi dómstóla landsins en áfram skal unnið
84 að aukinni skilvirkni. Hluti af grunnstoðum réttarríkisins er að fljótt sé skorið úr málum
85 og réttvís niðurstaða fáið. Samþætta þarf betur starfsemi héraðsdómstóla m.t.t.
86 skilvirkni og nýtingar fjármuna.

87 Skilvirkir dómstólar þurfa að vera studdir refsivörslukerfi sem tekur fljótt við þeim sem
88 dæmdir eru til fangelsisvistar. Mikilvægt er að fangelsin séu til þess búin. Einnig þurfa
89 fullnægjandi úrræði að vera til staðar vegna síbrotamanna og sérlega hættulegra
90 einstaklinga sem lokið hafa afplánun. Fjölga þarf fangelsisrýmum og bæta starfsemina
91 svo endurkomum fækki. Varna þarf afbrotum með fyrirbyggjandi starfi og refsileysi þar
92 sem því verður viðkomið. Þó þarf alltaf að gæta þess að breytingar í átt að refsileysi
93 verði unnar í náinni samvinnu við löggæsluyfirvöld í landinu. Jafnframt þarf að gæta
94 samræmis við löggjöf nágrannalanda Íslands. Markvisst verði unnið að því að senda
95 erlenda afbrotamenn til síns heima. Unnið verði að samningum við önnur ríki með það
96 að markmiði að erlendir afbrotamenn afpláni refsidóma erlendis.

97 Landhelgisgæsla, þ.m.t. loftrýmisgæsla, verði stórefld. Á það við um eftirlit með
98 fiskveiðilögsögunni og vegna utanaðkomandi ógna, s.s. með sæstrengjum sem tengja
99 okkur við umheiminn. Alþjóðlegt samstarf Landhelgisgæslunnar á sviði öryggismála
100 verði aukið. Fyrirtæki og opinberir aðilar verði hvattir til að koma upp varalausn sem
101 geti leyst erlendar þjónustur af hólmi rofni samband við umheiminn.

102 Starfsemi almannavarna hefur sannað gildi sitt og tryggja þarf starfsgrundvöll þeirra og
103 valdheimildir. Þó þarf að standa vörð um réttindi borgaranna hverju sinni gagnvart því
104 mikla valdi sem almannvörnum er fengið, svo ekki sé gengið um of á almenn borgaraleg
105 réttindi.

106 Útlendingamál

107 Aðlaga ber allt regluverk Íslands hvað hælisleitendur snertir að því regluverki sem gildir
108 hjá nágrannalöndum okkar, þannig að ekki verði um neinar séríslenskar reglur að ræða.
109 Koma ber upp móttöku- og brottfararúrræðum fyrir hælisleitendur. Brýnt er að þeir
110 hælisleitendur sem synjað hefur verið um landvist yfirgefi landið hratt og örugglega.

111 Ísland mun áfram standa við skuldbindingar sínar hvað móttöku flóttamanna varðar en
112 til að verndarkerfið skapi ekki sligandi kostnað eins og raunin hefur orðið þarf að tryggja
113 skjóta og markvissa málsmeðferð og koma í veg fyrir misnotkun kerfisins. Ekki má
114 viðgangast að þeir sem hingað leita sem „efnahagslegir flóttamenn“ skáki í skjóli
115 verndarkerfisins í stað þess að sækja hér um atvinnu- og dvalarleyfi.

116 Taka ber vel á móti þeim sem hingað koma til að starfa hér og búa, þ.e. þeir sem fengið
117 hafa dvalar- og atvinnuleyfi, hvort sem þeir koma utan eða innan EES svæðisins.

118 Framfylgja ber ákvæðum íslenskra laga sem skylda erlend flugfélög til að afhenda
119 farþegalista fyrir komu til landsins og svipta þau landingarleyfi ef út af er brugðið. Herða
120 ber landamæraeftirlit og taka upp vegabréfaskyldu þegar straumur hælisleitenda er
121 meiri en geta landsins til að taka við þeim leyfir. Gera verður þá kröfu til þeirra sem hér
122 er veitt hæli að þeir aðlagist samfélaginu með því að virða lýðræðisleg gildi og
123 mannréttindi, ekki síst réttindi barna, kvenna og hinsegin fólks. Þeir sem virða þau ekki
124 eiga ekki erindi til Íslands. Auka verði heimildir stjórnvalda til að svipta þá hæli sem
125 gerast brotlegir við hegningarlög. Þegar um er að ræða einstaklinga undir 18 ára aldri
126 verði forráðamenn þeirra einnig sviptir hæli þegar um ítrekuð eða alvarleg brot er að
127 ræða. Kappkosta ber að ýta undir aðlögun fólks af erlendu bergi brotnu að íslensku
128 samfélagi, auka ber kröfur um íslenskunám og það sé stutt, innflytjendur nái að kynnast
129 íslenskri menningu og þjóðfélagssiðum og geti þannig orðið virkir þjóðfélagsþegnar.
130 Kröfur um íslenskukunnáttu séu nægjanlegar og því fylgt eftir í sambandi við veitingu
131 íslensks ríkisborgararéttar sem og kröfur um almenna þekkingu á íslenskri menningu og
132 þjóðfélagsháttum. Brýnt er að stuðla áfram að því að auðvelda erlendum sérfræðingum
133 að flytjast til landsins.

134 **Almenn réttindi borgaranna, menning, íþróttir og fjölmiðlar í frjálsum þjóðfélagi**

135 Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að tryggja jafnan rétt og virðingu fyrir
136 mannréttindum allra einstaklinga. Ísland á áfram að vera í fararbroddi þeirra ríkja sem
137 best tryggja mannréttindi og standa öflugan vörð um réttindi hinsegin fólks.
138 Afnema á ríkiseinokun ÁTVR á sölu áfengis og leggja þá stofnun niðursú-stofnun-lögð
139 niður. Áfengiskaupaaldur ætti að vera hinn sami og lögræðisaldur.
140 Brýnt er að stjórnvöld vinni að því að allt regluhverfi sem snertir ungt fólk verði
141 þannig að það auki sjálfstæði þess og framtíðarmöguleika og áfram verði eftirsóknarvert
142 geri þannig eftirsóknarverðara að lifa og starfa á Íslandi.
143 Varðstaða um einstaklingsfrelsið og frjálst framtak hefur verið leiðarstef
144 Sjálfstæðisflokksins allt frá stofnum og svo verður áfram. Jafnframt ber því að standa
145 vörð um frelsi og fullveldi Íslands.
146 Þjóðkirkjan og trú- og lífsskoðunarfélög gegna mikilvægu hlutverki í samfélaginu. Ríkið á
147 að hætta innheimtu félagssgjalda þeirra. Stefna ber að fullum aðskilnaði ríkis og kirkju.
148 Þjóðkirkjan og trú- og lífsskoðunarfélög gegna mikilvægu hlutverki í samfélaginu. Kristin

149 trú er grundvöllur íslenskrar menningar. Gildandi stjórnarskrárákvæði um þjóðkirkju á
150 Íslandi er ekki til þess fallið að mismuna borgurunum, enda er enginn skyldugur til að
151 inna af hendi gjöld til trúfélags sem hann á ekki aðild að.

152 Sjálfstæðisflokkurinn telur að listir búi til ómæld verðmæti fyrir íslenskt samfélag.
153 Tryggja þarf grósku í íslensku menningarlífi um allt land sem auðgar lífið og hefur
154 jákvæð hagræn áhrif. Endurskoða þarf starfslaunakerfi listamanna þannig að það sé
155 sanngjarnt, hvetjandi, ýti undir grósku í menningarstarfi og styðji við upprennandi
156 listafólk. Leggja ætti niður heiðurslaun listamanna.

157 Viðhalda þarf öflugu íþróttastarfi í landinu. Styrkja þarf uppbyggingu afreksstarfs í
158 íþróttum með það að markmiði að ná sambærilegum árangri og best gerist hjá
159 nágrannaþjóðum okkar. Undirstaða þess er að hlúa að íþróttum barna, unglinga og
160 ungmenna, vanda til aðstöðu eðgþjálfunar og þar með að auðvelda iðkendum að finna og
161 sinna íþrótt sinni. Fjölga þarf tímum til iðkunar, m.a. með samstarfi íþróttahreyfingar og
162 skóla. Jafnframt þarf að efla almenningsíþróttir og standa vörð um vandaða
163 íþróttakennslu allt til loka framhaldsskólans. Markvisst verði unnið að uppbyggingu
164 þjóðarleikvanga/-halla, í samstarfi við einkaaðila, til að bæta aðstöðu og möguleika til að
165 halda alþjóðlegar keppnir og kappleiki. Engar alþjóðlega viðurkenndar íþróttir ætti að
166 banna hér á landi. t.d. bardagaíþróttir.

167 Tryggja þarf rekstur sérsambanda og íþróttafélaga í landinu þannig að þau geti rækt
168 hlutverk sitt. Mikilvægt er að börn og ungmenni í landsliðsverkefnum beri ekki kostnað
169 af þátttöku sinni fyrir Íslands hönd.

170 Brýnt er að auka fjárveitingar til íþróttá- og æskulýðsmála enda gegna þau lykilhlutverki
171 í uppeldi, forvörnum, lýðheilsu og félagsþroska ungs fólks. Uppfæra þarf íþróttalögin í
172 samstarfi við íþróttahreyfinguna. Málaflokkurinn þarf aukið vægi og að lögin kveði á um
173 fjármögnun og skipulag hreyfingarinnar svo hún geti betur tekist á við
174 samfélagsbreytingar.

175 Efla ber sjálfstæða fjölmiðlun í landinu. Það gerist ekki á meðan ríkið rekur
176 umfangsmesta fjölmiðil landsins sem nýtur stöðu sem er ekki í neinu samræmi við stöðu
177 annarra á markaðnum. Rúv skal hætta að sinna þeim þáttum sem sjálfstæðir fjölmiðlar
178 einkaaðilar geta séð um jafn vel eða betur og verði tekið af auglýsingamarkaði.
179 Greiðendum útvarpsgjalds verði heimilt að ráðstafa því hluta þess til fjölmiðla sem þeir

180 sjálfir kjósa. Samfara þeirri styrkingu rekstrargrundvallar einkafjölmíðlanna sem af
181 þessu hlýst verði hvers konar ríkisstyrkjum til þeirra hætt. Fjölmíðlanefnd verði lögð
182 niður.

183 Greiðslur af almannafé til stjórnmalaflokkanna verði hætt. Jafnframt verði dregið úr
184 hömlum í lögum að þeir geti sjálfir aflað sér rekstrarfjár.

185 Ríkisvaldið sem hinn sterki aðili gagnvart borgurum landsins ~~þegnum~~ má aldrei neyta
186 ómálaefnalegs aflsmunar gagnvart þeim né mega stjórnmalamenn framselja til
187 embættismanna það vald sem þeir eru kjörnir til að fara með.

188 Sjálfstæðisflokkurinn er flokkur þeirra sem vilja að á Íslandi sé frjálst þjóðfélag
189 hagsældar og menningar. Sjálfstæðistefnan byggir á trú á getu, áræði, ábyrgð og reisn
190 einstaklinganna. Sjálfstæðismenn eru umburðarlyndir gagnvart mismunandi
191 lífsviðhorfum og lífsháttum svo fremi sem ekki stangist á við grundvallargildi jafnréttis,
192 mannréttinda og siðareglna samfélagsins. Trú- og lífsskoðunarfélög gegna mikilvægu
193 hlutverki og trúfrelsi ríkir en þjóðkirkjan gegnir áfram lykilhlutverki.

194 Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á sameiginlega hagsmuni ólíkra þjóðfélagshópa og
195 hafnar þeirri skoðun að ríkisvaldið þurfi eða geti leyst öll viðfangsefni eða vandamál
196 samfélagsins.